

Fjölgreindaleikar Salaskóla



Fjölgreindaleikaleikarnir eru einn mikilvægasti viðburður skólaársins. Fyrstu leikarnir voru haldnir vorið, 2003, á öðru starfsári skólans. Hugmyndina áttu nokkrir kennarar Salaskóla og síðan þá hafa þeir breiðst út til fjölda skóla hér á landi.

Leikarnir hafa þróast með tímanum eftir fjölda nemenda og aðstæðum. Í upphafi voru þeir smáir í sniðum, en í dag er búið að koma á þeim fastar skorður, þó alltaf séu breytingar frá ári til árs. Öllum nemendum skólans er þá skipt í lið og standa leikarnir yfir í tvo daga, þar sem liðin leysa verkefni og þrautir af ýmsum toga. Annan daginn fara þeir fram í skólahúsinu og hinn daginn í íþróttahúsinu.

Í dag, 2017, eru um 420 nemendur í Salaskóla og nemendum er skipt upp í 40 lið, þannig að í hverjum hóp er að minnsta kosti einn nemandi úr hverjum árgangi. Fjölgreindaleikarnir eru hugsaðir sem góð og skemmtileg tilbreyting í skólastarfi, einskonar hausthátíð allra í skólanum, en venjan hefur verið að halda þá í september. Þar fá starfsmenn skólans að sjá alla nemendur og einnig gefst nemendum tækifæri á að kynnst krökkum úr öllum árgöngum.

Markmiðið með leikunum er að vinna að góðum skólabrag, með því að nemendur á ólíkum aldri vinna saman að lausn verkefna sem reyna á allar greindir mannskepnunnar. Leikarnir eru því jafnframt keppni milli hópa í samvinnu og félagsanda. Þá daga sem viðburðurinn stendur yfir, ríkir einstök gleði í skólanum.



Fyrirliðar

Nemendur í 9. og 10. bekk eru fyrirliðar í sínum hópi og bera ábyrgð á að halda honum saman, ásamt góðum aga og mórál. Viku fyrir leikana er haldinn fundur með fyrirliðum þar sem farið er yfir skipulag og hlutverk þeirra. Þeir fá svo sérstök fyrirliðablöð við upphaf leikana með upplýsingum um stöðvarnar og í hvaða röð þær eru og hvar.



Starfsfólk

Kennarar og annað starfsfólk gegna hlutverki stöðvastjóra, þar sem þau sjá um stöðvarnar sem þau annaðhvort hafa útbúið sjálf frá sínum eigin hugmyndum, eða að þau taka við stöðvum sem notaðar hafa verið áður. Starfsfólkið sér um framkvæmd á sinni stöð á meðan leikunum stendur og meta árangur hvers hóps, ásamt því að meta fyrirliðana.

Eitt það mikilvægasta við fjölgreindaleikana er að allt starfsfólkið mæti í furðufötum. Það hefur vakið mikla lukku meðal nemenda í gegnum árin og ekki laust við að starfsmenn hafi einnig gaman af því sjálfir.



hverri stöð og svo þarf að reikna með tíma fyrir hópana að fara á milli stöðva, en þá verður að taka tillit til aðstæðna á hverjum stað. Nokkur dæmi um stöðvar:

- Kubbastöð
- Spurningakeppni
- Hraðapikk
- Smökkun
- Skákþraut
- Fjölverk (málun)
- Það var lagið
- Allt í rusli
- Sippþraut
- Fitnessþraut
- Samvinnujafnvægi
- Kaðlaklifur
- Tuma tígur hopp
- Sms þraut
- Skrúfa skrúfu
- Krosssaumsþraut



Stöðvar

Reynt er að hafa stöðvarnar þannig að þær henti nemendum frá 1. upp í 10. bekk svo að allir, eða sem flestir aldurshópar fái að taka þátt. Reiknað er með að hver hópur vinni í átta mínútur á



Úrslit og verðlaun:

Veitt eru verðlaun fyrir fyrsta til þriðja sætið. Fyrsta sætið hlýtur farandskjöld sem geymdur er í glerskáp í skólanum ásamt mynd af sigurliðinu. Síðan eru veittar viðurkenningar til tveggja fyrirliða (einum dreng og einni stúlku) fyrir að vera fyrirmyndar fyrirliðar, út frá stigagjöf frá kennurum.

Hugmyndin:

Hugmyndin með fjölgreindaleikunum er að búa til skemmtilegan atburð þar sem nemendur og starfsfólk eiga góða daga við leik og skemmtun. Boðið er upp á fjölbreyttar þrautir þar sem allir fá tækifæri á að spreyta sig við mismunandi verkefni og sterku hliðar allra fái að njóta sín. Leikarnir eru byggðir á kenningum Howards Gardners um fjölgreindirnar þar sem gengið er út frá því að allir séu góðir í einhverju og að það eigi að leyfa öllum að fá tækifæri til að fást við það sem þeir eru sterkir í. Hann skipti greindunum upp í átta flokka:

Málgreind: Hæfileikinn til að vinna með tungumál og texta.

Rök- og stærðfræðigreind: Hæfileikinn að vinna með tölur og mynstur.

Rýmisgreind: Hæfileikinn til sjónskynjunar.

Hreyfigreind: Hæfileikinn til að nota líkamann til tjáningar.


Tónlistargreind: Hæfileikinn að skynja hljóð og takt.

Umhverfisgreind: Hæfileikinn að vera næmur fyrir umhverfinu og náttúrunni.

Samskiptagreind: Hæfileikinn að eiga í samskiptum við annað fólk og skilja aðra.

Sjálfsþekkingargreind: Hæfileikinn að vera í tengslum við eigið tilfinningalíf og þekkja sjálfan sig.

Fjölgreindapizzan



Á fjölgreindaleikunum er reynt að vinna með allar greindirnar og skapa hverjum og einum skemmtileg og fjölbreytt verkefni.